

Minning

dr. Gunnar Böðvarsson, prófessor


Gunnar Böðvarsson fæddist í Reykjavík 8. ágúst 1916. Að loknu stúdentsprófi frá M.R. 1934 hélt hann til náms í vélaverkfræði í München. Eftir að hafa flutt sig um set til Berlínar, lauk hann Dipl. Ing. prófi 1943 og vann síðan sem verkfræðingur hjá Atlas A/S í Kaupmannahöfn til 1945, er hann fluttist til Íslands. Þar réðist hann til starfa hjá Rafmagns-efirliti ríkisins, en varð yfirverkfræðingur Jarðborana Ríkisins og Jarðhitadeildar Raforkumálaskrifstofu 1947. Hann stýrði þar borunum eftir heitu og köldu vatni, og byggði upp margháttða rannsóknastarfsemi við jarðhitaleit hérlendis. Árin 1955-57 dvaldist Gunnar við California Institute of Technology og lauk þaðan doktorsprófi í jarðeðlisfræði. Um 1960 átti hann mikinn þátt í samningu tillagna um rannsóknastofnanir við Háskóla Íslands, er leiddu til þess að Raunvísindastofnun Háskólans var komið á fót 1966. Einnig átti hann hlut að byggingu gufurafstöðvarinnar í Bjarnarflagi og kannaði ýmsa fleiri möguleika á nýtingu jarðhitans, meðal annars til framleiðslu á þungu vatni.

Á árinu 1964 fluttist Gunnar Böðvarsson til Oregon og gerðist þar prófessor við stærðfræði- og haffræðideildir ríkisháskólans í Corvallis. Átti það í fyrstu að vera tímabundið, en svo fór þó, að Gunnar ákvað að starfa í Oregon uns hann fór á eftirlaun á árinu 1984, og bjó hann í Corvallis til dánardægurs hinn 9. maí 1989. Gunnar var kjörinn heiðursdoktor við Háskóla Íslands vorið 1988.

Gunnar Böðvarsson var mjög afkastamikill og fjölhæfur vísindamaður. Rannsóknastörf hans og ritverk fjalla að mestu leyti um jarðhita og nýtingu hans. Er það ekki síst honum að þakka hve jarðhitánýting á Íslandi er árangursrík og hve snemma Íslendingar urðu vel kynntir á þeim vettvangi meðal

erlendra þjóða. Gunnar átti á sínum tíma frumkvæði að ýmsum mikilvægum nýjungum í jarðeðlisfræðirannsóknum hér, meðal annars viðnámsmælingum, þyngdarsviðsmælingum, og notkun massageinis við könnun á rennslisleiðum grunnvatns. Auk prentaðra ritverka samdi Gunnar mikinn fjölda skýrsla um einstök jarðhitasvæði bæði hérlendis og erlendis, enda varð hann allt frá 1951 eftirsóttur sem ráðgjafi fyrirtækja, stofnana og ríkisstjórna víða um heim í málefnum er vörðuðu nýtingu jarðhita. Rannsóknir Gunnars hvíldu á mjög traustum grunni þekkingar í stærðfræði og eðlisfræði, en einnig hafði hann áhuga á mörgum sviðum verkfræði og jarðvísinda. Hann varð meðal annars einna fyrstur Íslendinga til að skoða byggingu landsins í ljósi nýrra hugmynda um landrek; sjá til dæmis vel þekkta grein er hann birti ásamt G.P.L. Walker 1964.

Tímaritið Jökull stendur í mikilli þakkarskuld við Gunnar Böðvarsson. Hann sendi ritinu fjölda merkra ritsmíða til birtingar, einkum um jarðhita. Grein hans í Jökli 1982 um uppruna lágghita-jarðvarmans á Íslandi fjallar um það að þessi virkni geti að verulegu leyti orsakast af tímabundnum ferlum í tengslum við ísöldina og lok hennar, fremur en að virknin sé „æstætt“ ástand, svo notað sé nýyrði Gunnars. Drög að hugmyndum Gunnars í þessu efni má sjá í fyrri grein hans í ritinu 1957. Eru greinarnar afar merkilegt og sígilt framlag til umræðu um jarðhitann hérlendis. Síðasta grein Gunnars í Jökli, sem birtist 1983 og fjallar um rennsli hrauns, byggir að nokkru á stærðfræðilegu líkani af rennsli jökla, sem sett var fram í fyrstu grein hans í ritinu 1955. Til þess brautryðjendaverks er enn mjög vitnað af jöklafræðingum. Einnig ritaði Gunnar í Jökul um úthafsbylgjur og segulsviðstruflanir, svo dæmi séu



Gunnar Böðvarsson

tekin. Um þessi og önnur ritstörf og áhugamál Gunnars má lesa nánar í Fréttabréfi Eðlisfræðifélags Íslands, einkum 13. tbl. 1988.

Þrátt fyrir langa fjarveru hélt Gunnar Böðvarsson ávallt góðum tengslum við íslenska raunvísindamenn og verkfræðinga, og dvöldust ófáir þeirra um lengri eða skemmri tíma í Corvallis við nám og störf. Voru þau hjónin Gunnar og Tove ætíð boðin og búin að greiða götu þessara Íslendinga sem og annarra er lögðu leið sína til vesturstrandar Bandaríkjanna. Var

gestrisni þeirra orðlögð, og gerði Gunnar sér jafnan far um að kynnast sem best vísindalegum viðfangs-efnum þeirra sem komu í heimsókn. Að Gunnari látnum fékk Háskóli Íslands að gjöf frá fjölskyldu hans mikið bóka- og handritasafn um raunvísindi og verkfræði. Góður maður er genginn, en minningin um Gunnar Böðvarsson mun lifa og margir njóta arðs af afrekum hans.

Leó Kristjánsson